

Fjölmenningarráð

Ár 2019, mánudaginn 19. ágúst, var haldinn 22. fundur fjölmenningaráðs. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl.15.25. Fundinn sátu Sabine Leskopf, Jórunn Pála Jónasdóttir, Nichole Leigh Mosty. Einnig sátu fundinn Anna Kristinsdóttir og Joanna Marcinkowska sem var fundarritari.

Petta gerðist:

1. Lögð fram skýrsla um niðurstöður Fjölmenningarþings 2018. Skýrsla var unnið hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu.
 - Kl. 15:42 tekur Renata Emilsson Peskova sæti á fundi.
2. Fram fer umræða um vetrarstarf fjölmenningarráðs.
3. Lagt fram minnisblað frá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu um yfirlýsingu Reykjavíkurborgar um fjölmenningu.

Fjölmenningarráð leggur svohljóðandi bókun:

Fjölmenningarráð hvetur borgarstjórn Reykjavíkur að senda frá sér skýra og áberandi yfirlýsingu þar sem lögð er áhersla á skuldbindingu borgarinnar við „interculturalisma“, þ.e. fjölbreytni, jafnrétti og samleik í borgarsamfélaginu. Í Reykjavík búa nú um 21 þúsund íbúar af erlendum uppruna og fer þeim sífellt fjölgandi. Mikilvægt er að Reykjavíkurborg sýni með afgerandi hætti stuðning sinn við fjölbreytni í borginni.

Borgin er m.a. aðili að verkefninu Intercultural Cities og það verkefni getur veitt Reykjavíkurborg mikinn stuðning í því að bæta sig frekar í þessum málaflokki.

4. Fram fer kynning á skýrslu um stöðu þjónustu Reykjavíkurborgar fyrir innflytjendur.

Marcin Pawelec nemi hjá mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu tekur sæti á fundi undir þessum liði.

Fjölmenningarráð leggur svohljóðandi bókun:

Fjölmenningarráð þakkar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu og sér í lagi Marcin Pawelec fyrir vel unnið störf í framkvæmd þessara aðgerða. Fjölmenningarráðið hvetur Þjónustu og nýsköpunarsvið að fara vel yfir niðurstöður kannana og forgangsraða þýðingarverkefnum og úrbótum á upplýsingamiðlun. Fjölmenningarráðið óskar eftir að fylgjast svo með þessu ferli.

Fundi slitið kl. 16.52

Sabine Leskopf

Jórunn Pála Jónasdóttir
Nichole Leigh Mosty

Renata Emilsson Peskova